

Umburðarbréf ferðakostnaðarnefndar, 26. maí 2004

Um greiðslur ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna vegna ferðalaga á vegum ríkisins fer samkvæmt reglum nr. 39/1992 og auglýsingu nr. 569/1994, og nr. 13/1996 um breytingu á þeim reglum. Jafnframt hefur ferðakostnaðarnefnd sett eftirfarandi reglur þar sem nánar er kveðið á um útfærslu við greiðslu erlendra dagpeninga:

I. ALMENNIR DAGPENINGAR

1. Styrkir og hvers konar hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu koma til frádráttar dagpeningagreiðslum eftir því sem við á og unnt er að meta hverju sinni. Tekið verði mið af dagpeningum vegna gæstikostnaðar samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefndar annars vegar og hins vegar eftirfarandi hlutfallslegri skiptingu á öðrum kostnaði:

a) Fæði 70%

b) Annar kostnaður 30%

Heimilt er að víkja frá þessari viðmiðun ef unnt er að sýna fram á að önnur hlutfallsleg skipting falli betur að aðstæðum í viðkomandi borg/landi.

2. Heimilt er að víkja frá venjulegum dagpeningagreiðslum þegar sérstaklega stendur á svo sem þegar óhjákvæmilegt er talið að gista á dýrari hótélum, til dæmis vegna ráðstefnuhalds. Í slíkum tilvikum greiðist kostnaður eftir reikningum sem hlutaðeigandi ráðuneyti úrskurðar enda fylgi reikningi greinargerð um nauðsyn þessa aukakostnaðar. Notkun þessa ákvæðis er háð sérstakri ákvörðun forstöðumanns/ráðuneytis hverju sinni.

II. DAGPENINGAR VEGNA ÞJÁLFUNAR, NÁMS EÐA EFTIRLITSSTARFA

3. Sé dvalist skemur en 3 vikur á sama stað skal greiða fulla dagpeninga, sbr. þó 7. tölulið hér á eftir.

4. Sé dvalist 3 vikur eða lengur á sama stað, skal greiða almenna dagpeninga fyrstu vikuna, en síðan þjálfunar-, náms- eða eftirlitsdagpeninga, sbr. þó ákvæði 4.–7. töluliðs hér á eftir.

5. Fari dvöl erlendis vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa fram úr 90 dögum skulu þjálfunar-, náms- og eftirlitsdagpeningar lækka um fjórðung þann tíma sem dvalið er lengur en 3 mánuði, enda hafi viðkomandi stofnun eða ráðuneyti samþykkt dvölin. Sérákvæði sem sett hafa verið um námsdvöl erlendis skulu haldast óbreytt.

6. Hafi stofnun samið um fæði og/eða gistingu á kjörum sem eru jafnhagstæð gildandi dagpeningum vegna þjálfunar, náms eða eftirlitsstarfa skulu að jafnaði þeir dagpeningar greiddir.

7. Verði breyting á ferðatilhögun samkvæmt ákvörðun viðkomandi stofnunar eftir að ferð er hafin skal það ekki hafa í för með sér skerðingu á dagpeningum fyrir þann tíma sem liðinn er frá því að ferð hófst þar til ákvörðun um breytinguna er tekin.

8. Styrkir og hvers kyns hlunnindi varðandi gistingu og fæði sem starfsmenn njóta meðan á dvölinni stendur skulu skilyrðislaust koma til frádráttar dagpeningagreiðslum samkvæmt 2.–5. tölulið hér að framan.

9. Verði af einhverjum ástæðum hlé á dvöl erlendis áður en henni er lokið skal litið svo á að um samfelldan dvalartíma sé að ræða.

III. ALMENN ÁKVÆÐI

10. Ferðakostnaðarnefnd getur ákveðið aðra tilhögun en segir hér að framan séu að hennar mati sérstakar ástæður fyrir hendi.

11. Komi til ágreinings um túlkun þessara reglna er heimilt að vísa honum til úrskurðar ferðakostnaðarnefndar.

12. Reglur þessar gilda frá og með 1. júní 2004. Jafnframt [fellur úr gildi fyrra umburðarbréf nefndarinnar, dagsett 24. febrúar 1999.](#)

Nefndin fer þess á leit við viðkomandi ráðuneyti að þau kynni þessar reglur þeim stofnunum og fyrirtækjum, sem undir þau heyra.

Reykjavík, 26. maí 2004

Ferðakostnaðarnefnd